— Margrét 2.

Framhald af bls. 1.

fylgdi Margréti og skýrði fyrir henni það sem fyrir augu bar. Börnin virtust mjög feimin og auðséð að mörg þau minni voru alveg hissa á umstanginu og horfðu stórum undrunaraugum á fólkið.

„Hvað heitir þú," spurði Margrét litla telpu, en sú litla beit bara á vörina og leit niður fyrir sig.

Þegar Margrét gekk að rúmi tveggja til þriggja ára drengs, sem hélt á íslenzkum fána, lagði hann fánann yfir andlitið á sér og leit ekki upp. Þegar Margrét kom að rúmi nokkurra mánaða gamals barns, stóðst hún ekki mátið og strauk því og sagði: „O, hvad hun er söd."

Heimsóknin í Hringinn stóð í u. þ. b. hálftíma en að henni lokinni, um kl. 11.30, hélt Margrét svo aftur til Ráðherrabústaðarins.

HÁDEGISVERÐUR BORGARSTJÓRANS

Borgarstjórinn í Reykjavík hélt hádegisverð að Kjarvalsstöðum til heiðurs Danadrottningu og Henrik prins. Á matseðlinum var vorsalat, nýr lax með hollenzkri sósu, pönnukökur með rjóma og kaffi. Með þessu var veitt Gordon Rouge Brut, Commendador, koníak eða líkjör.

Veizlugestir voru mættir kl. 13.30, þegar Knud Heinesen, menntamálaráðherra Dana og fylgdarmaður drottningar í þessari ferð og frú komu að Kjarvalsstöðum. Stuttu síðar komu forsetahjónin, Kristján Eldjárn og frú Halldóra Eldjárn. Vegna seinkunar á flugvél Henriks prins frá Vestmannaeyjum, komu þau Margrét ekki fyrr en tíu mínútum síðar.

Borgarstjóri, Birgir Ísleifur Gunnarsson, og kona hans frú Sonja Bachman og forseti borgarstjórnar, Gísli Halldórsson, og kona hans frú Margrjet tóku á móti drottningunni og Henrik prins og fylgdu þeim til sætis við háborðið.

Milli 40 og 50 manns sátu þetta hádegisverðarboð, og flutti borgarstjóri ávarp, sem birt er á bls. 17 hér í blaðinu.

HEIMSÓKNINNI LOKIÐ

Heimsókn Margrétar annarrar og Henriks prins átti svo að ljúka í gærkvöldi. Kl. 16,00 héldu þau móttöku fyrir danska þegna á Íslandi í húsi Frímúrarareglunnar en héldu síðan kl. 17,00 niður að höfn þar sem þau stigu um borð í snekkju sína Danneborg.

Klukkan 20,00 var svo áætlað að að drottningin héldi kvöldverð um borð í Danneborg en kl. 23,00 átti svo heimsóknin formlega að vera lokið, og átti Danneborg þá að láta úr höfn.

(Blaðið fer svo snemma í prentun á laugardögum að ekki er hægt að skýra nánar frá brottförinni í dag).



Og svo fáum við meira frá Dönum, segir Jónas og drottningin brosir.

INNLENT



Menntamálaráðherrarnir Knud Heinesen og Magnús Torfi Ólafsson skoða handritin.

Nýtt sjálfstæðishús

Sjálfboðaliða vantar í byggingavinnu við hið nýja sjálfstæðishús á mótum Bolholts og Skipholts kl. 8-12 árdegis og kl. 2-6 síðdegis í dag

Myndir eftir Gunnlaug Scheving og samtímamenn hans

— á Kjarvalsstöðum

SUMARSÝNING '73 nefnist sýning nokkurra listamanna, sem búið er að setja upp á Kjarvalsstöðum á Miklatúni, og var sýningin opnuð á sunnudaginn kl. 4.

Á sýningunni eru málverk úr einkasafni dr. Gunnlaugs Þórðarsonar, eftir Gunnlaug Ó. Scheving, olíumyndir, vatnslita- og klippmyndir, alls 33 myndir. — Einnig eru málverk eftir 14 aðra listamenn og samtímamenn Gunnlaugs Ó. Scheving, sem lítið hafa sýnt opinberlega yfirleitt.

Valtýr Pétursson, talsmaður sýningarnefndar, sagði, að með þessari sýningu, væri verið að reyna að marka stefnu hússins. Það væri von sýningarnefndar, að unnt væri að fá árlega fram myndir úr einkasöfnum til sýningar fyrir almenning, sem að öðrum kosti kæmu aldrei fyrir almenningssjónir.

Elzti sýnandinn á sýningunni er Finnur Jónsson, og yngsti Hallsteinn Sigurðsson. Þá eru verk eftir Sigrúnu Guðmundsdóttur, Guðmund Benediktsson, Jón Benediktsson, Steinþór Sigurðsson, Guðmundu Andrésdóttur, Braga Ásgeirsson, Hjörleif Sigurðsson, Örlyg Sigurðsson, Þorvald Skúlason, Ragnheiði Jónsdóttur Briem og Sigurjón Ólafsson, þar af tvær í einkaeign dr. Gunnlaugs Þórðarsonar. Gunnlaugur sagðist hafa keypt fyrstu myndina eftir Scheving á samsýningu Þorvalds Skúlasonar og Gunnlaugs Scheving, sem haldin var í Grænmetisskálanum svokallaða, árið 1941. Gunnlaugur hafði mikið dálæti á listamanninum, og með þeim hélzt 30 ára vinátta. Þrjár myndir eftir Scheving frá 1941 eru á sýningunni og tvær, sem voru á Septembersýningunni 1947.

Sumarsýningin á Kjarvalsstöðum verður opin þennan mánuð, daglega frá kl. 14—22, nema á mánudögum, þá er lokað. Margar myndir eru til sölu, og aðgangur ókeypis.

Þess má geta, að Kjarvalssýningin er einnig opin daglega frá kl. 14—22.

5 manna fjölskylda missir heimili sitt

— í eldsvoða á Reyðarfirði

Reyðarfirði, 7. júlí.

FIMM manna fjölskylda missti hér heimili sitt í eldsvoða í gærkvöldi. Íbúðarhúsið Framtíðin brann til kaldra kola án þess að slökkviliðið fengi við neitt ráðið, og litlu sem engu var hægt að bjarga af innanstokksmunum.

Húsið Framtíðin er steinhús og stendur í miðjum bænum, sennilega eitt af þremur elztu húsunum hér á Reyðarfirði. Menn urðu varir við að eldur kom upp í því um tíu leytið í gærkvöldi, og skipti engum togum — eldurinn breiddist ört út þrátt fyrir tilraunir slökkviliðsins til að hefta útbreiðslu eldsins. Standa nú aðeins steinveggirnir eftir.

Fimm manna fjölskylda bjó í Framtíðinni, og bjargaðist sumt af því nauðuglega út, t.a.m. varð ungur piltur að bjarga sér með því að stökkva út um glugga. Fólkið hefur orðið fyrir miklu tjóni, þar sem litlu sem engu varð bjargað af innanstokksmunum.

Upptök eldsins hafa ekki verið að fullu rannsökuð, en þó er talið að kviknað hafi í út frá rafmangsofni.

— Fréttaritari.

Sýnd kvikmynd af konungskomu 1907

Í VEIZLU bæjarstjórnar Akureyrar til heiðurs Danadrottningu og manni hennar að Hótel KEA í fyrrakvöld var sýnd kvikmynd frá komu Friðriks konungs áttunda, langafa Margrétar drottningar, til Akureyrar 1907.

Sýning myndarinnar tók um 4—5 mínútur og vakti geysi athygli þeirra sem á horfðu. Margrét drottning virtist mjög hrifin af þessari kvikmynd. Kvikmyndin var sýnd í fremra sal á annarri hæð Hótels KEA og var tjaldi komið fyrir í salnum fyrir framan drottninguna. Kom sýning myndarinnar veizlugestum skemmtilega á óvart, en óvíst var lengi vel hvort takast mundi að koma myndinni í sýningarhæft horf fyrir veizluna.

Kvikmynd þessi, sem tekin var á handsnúna vél, mun vera með elztu kvikmyndum, sem teknar hafa verið hér á landi. Sagði Bjarni Einarsson, bæjarstjóri á Akureyri, Morgunblaðinu í gær, að kvikmyndin væri í eigu Akureyrarbæjar og geymd í myndasafni bæjarins, en hann kvaðst telja að annað eintak væri til í eigu dönsku konungsfjölskyldunnar. Í myndinni sést m. a. Matthías Jochumsson skáld í ræðustól. Á Akureyri er nú verið að taka heimildarkvikmynd um bæinn og verður þessi mynd felld inn í þá mynd.